

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *73. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 30. mars 2006, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Upplýsingamiðstöð ferðamála.
3. Grenndarkynning. Erindi Eldár ehf þar sem óskað er eftir að breyta Helluhrauni 7a,8 og 8a úr íbúðahúsnæði í gistiheimili.
4. Lóðaumsókn Sniðill hf.
5. Erindi Kristínar Sverrisdóttur varðandi lóðarafmörkun Víðihlíð.
6. Stofnskjal v/lóð Helgavogur.
7. Stofnskjal v/lóð aðveitustöð RARIK.
8. Þriggja ára fjárhagsáætlun.
9. Erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar.
10. Erindi frá Hlíð ferðapjónustu.
11. Fundargerð skólanefndar frá 27. mars.
12. Erindi frá Margréti Bóasdóttur v/Kórastefnu.
13. Búfjaáreftirlit.

Til kynningar.

Fundargerð Héraðsráðs frá 17. mars.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11, 12 og 13 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

**2. Upplýsingamiðstöð ferðamála.**

Oddviti upplýsti um stöðum mála. Frá og með 1. júní verður UST með heilsársstarfsmann í Mývatnssveit og starfsaðstöðu á Zansibar. Frá sama degi og á sama stað verður opnuð gestastofa og upplýsingamiðstöð ferðamála. Þrátt fyrir tilraunir til að koma upplýsingamiðstöð ferðamála í Mývatnssveit undir sama hatt og aðrar upplýsingamiðstöðvar á landinu hefur það ekki tekist. Sveitarstjórn samþykkir að aðstoða Ferðamálafélag Mývatnssveitar við launagreiðslur á starfsmanni í fulla stöðu í sumar og síðan hlutastarf fram að áramótum.

**3. Grenndarkynning. Erindi Eldár ehf þar sem óskað er eftir að breyta Helluhrauni 7a,8 og 8a úr íbúðahúsnæði í gistiheimili.**

Frestað til næsta fundar.

**4. Lóðaumsókn Sniðill hf.**

Borist hefur erindi frá Sniðli þar sem óskað er eftir lóðum undir fjórar til sex íbúðir sambærilegar þeim sem fyrirtækið hefur byggt við Birkihraun. Nú er verið að vinna deiliskipulag fyrir nýja götu ofan Birkihrauns. Sveitarstjórn samþykkir að hraða þeirri vinnu eins og kostur er og veita Sniðli umbeðnar lóðir þegar því verki er lokið.

**5. Erindi Kristínar Sverrisdóttur varðandi lóðarafmörkun Víðihlíð.**

Frestað til næsta fundar.

**6. Stofnskjal v/lóð Helgavogur.**

Borist hefur uppdráttur unnin af Búgarði, frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir og umhverfis dæluhús í Helgavogi. Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn. Oddviti vék af fundi við afgreiðslu málsins og tók Áslaugur Haddsson sæti hennar.

**7. Stofnskjal v/lóð aðveitustöð RARIK.**

Borist hefur uppdráttur unnin af RARIK, frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir og umhverfis aðveitustöð RARIK á fyrrum lóð Kísiliðjunnar. Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn. Oddviti vék af fundi við afgreiðslu málsins og tók Áslaugur Haddsson sæti hennar.

**8. Þriggja ára fjáhagsáætlun.**

Að umræðum loknum var átæluinni vísað til annarar umræðu.

### **9. Erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna en ítrekar eftirfarandi bókun frá fundi sveitarstjórnar 7. apríl 2005:

“Borist hefur erindi frá Vegagerð ríkisins þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um veglínu frá Hringvegi að Dettifossi  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur um langt skeið lagt þunga áherslu að vegur verði lagður vestan Jökulsár niður í Kelduhverfi, enda skiptir þessi vegur miklu máli fyrir ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur áherslu á að veglína B verði valin og furðar sig á hugmyndum Umhverfisstofnunar um veglínu A, sem fer um gróið land á einu þurrasta og viðkvæmasta svæði landsins.

Þá furðar sveitarstjórn sig á hversu seint athugasemdir Umhverfisstofnunar koma fram og veltir því fyrir sér hvort þær séu fram komnar til að tefja enn frekar fyrir málinu.”

### **10. Erindi frá Hlíð ferðaþjónustu.**

Borist hefur bréf frá Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ferðaþjónustu. Bréfið er í sex liðum. Liðir eitt og tvö þar sem óskað er eftir leiðréttingu eða breytingu á skuldabréfi er frestað. Í lið þrjú er óskað eftir að sveitarstjórn gefi grænt ljós á að rekstrarleyfið fái endurnýjað gegn því að þær byggingar sem ekki hafa byggingarleyfi verði komnar með það 1. sept 2006 eða búið að fjarlægja þær eigi síðar en 1. okt 2006. Sveitarstjórn hafnar að verða við því þar sem að Hlíð ferðaþjónusta hefur haft a.m.k. tvö ár til að bregðast við en ekki gert þrátt fyrir að ítrekað hafi verið. Í lið fjögur fjögur er óskað eftir að leigja Reykjahlíðarskóla undir svefnpokagistingu frá 1. júlí til og með 10. ágúst. Sveitarstjórn hafnar að verða við því. Í lið fimm óskar Hlíð ferðaþjónusta eftir að leigja Skjólbrekku árið 2007. Sveitarstjórn hafnar að verða við því, þar sem í gildi er samningur um leigu á Skjólbrekku og telur að það sé í höndum nýrrar sveitarsjórnar að taka ákvörðum um framhald þess samnings. Í lið sex er óskað eftir að oddviti víki af fundi við afgreiðslu málsins. Orðið var við því og sæti hennar tók Áslaugur Haddsson.

### **11. Fundargerð skólanefndar frá 27. mars.**

Sveitarstjórn samþykkir 2. lið fundargerðarinnar þar sem fram koma óskir um kennslumagn skólaárið 2006 – 2007. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

### **12. Erindi frá Margræti Bóasdóttur v/Kórastefnu.**

Borist hefur erindi frá Margræti Bóasdóttur vegna Kórastefnu við Mývatn 9 – 11 júní n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

### **13. Búfjáareftirlit.**

Fyrir liggur svohljóðandi samningur á milli BSSÞ annars vegar og Búfjáareftirlitsnefnda Þingeyjarsveitar, Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps hinsvegar.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga tekur að sér að sjá um framkvæmd búfjáreftilits í þessum sveitarfélögum í samræmi við ákvæði laga um búfjárhald o.fl. nr. 105/ 2002 og reglugerð nr 743 / 2002.

Fyrir það eftirlit, sem ekki fellur undir gjaldtökuheimildir samkvæmt lögum nr. 105/ 2002 og reglugerð nr 743/ 2002 greiði sveitarfélögin 670.000 kr. launaframlag og skiptist kostnaðurinn milli þeirra í réttu hlutfalli við þann fjölda búfjáreigenda í hverju sveitarfélagi, sem skýrsla er gerð fyrir. Greiðsla skal innt af hendi í júnimánuði ár hvert.

Fyrir eftirlit er fellur undir gjaldtökuheimildir greiðist sem hér segir:

Skýrslublöð sótt heim til búfjáreiganda. Fast gjald kr. 5.900.-

Sérstakar eftirlitsferðir sbr. 12. gr. laga nr. 105/2002 eða vegna ábendinga um vanhirðu o.fl. Fast gjald kr. 9.500.-

Fyrir vinnu samkvæmt 4. mgr. 10.gr laga nr. 105/2002. Kr. 2.500.- á unninn klukkutíma. Akstur kr. 51.- á ekinn km.

Samningur þessi tekur gildi 31.1. 2006. Segi hvorugur samningsaðilinn honum upp fyrir 31. janúar ár hvert framlengist hann sjálfkrafa til jafnlengdar á næsta ári. Samningsaðilar skuldbinda sig til að taka verðlagsákvæði samningsins til endurskoðunar fyrir 31. janúar ár hvert.

Auðnum, 25.2. 2006.

f.h.BSSP.

-----  
Búfjáreftilitsnefnd starfssvæðis nr.19.

f.h. Þingeyjarsveitar      f.h. Aðaldælahrepps      f.h Skútustaðahrepps.

-----  
Sveitarstjórn samþykkir samninginn og vísar umræðum um gjaldskrá til annarrar umræðu.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Kristján Stefánsson,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.